



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1538*  
*komudagur 13.2.2013*

Kirkjubæjarklaustur, 12. febrúar 2013

**Efni: Umsögn Skaftárhrepps vegna frumvarps til laga um náttúruvernd, 429. mál.**

Þann 17. janúar barst tölvupóstur frá nefndarsviði Alþingis þar sem Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir Skaftárhreppi til umsagnar frumvarp til laga um náttúruvernd (heildarlög), 429. mál.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar fyrir þetta tækifæri til að gera athugasemd við frumvarp til laga um náttúruvernd. Á fundi sínum 12. febrúar 2013 var eftirfarandi umsögn samþykkt.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga við frumvarpið, en vill að auki koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Skaftárhreppur er gríðarlega landstórt sveitarfélag, u.þ.b. 7% af Íslandi. Sveitarfélag þar sem íbúarnir, að langstærstum hluta, byggja afkomu sína á hefðbundnum landbúnaði auk ört vaxandi uppbyggingar í hvers konar ferðaiðnaði. Atvinnugreinarnar eiga allt undir því að fá að nýta áfram náttúrugæði og auðlindir innan sveitarfélagsins á sjálfbæran hátt. Hvort sem er innan þjóðlendu eða eignalanda, varar sveitarstjórn Skaftárhrepps við íþyngjandi ákvæðum, sem takmarka skipulagsvald sveitarfélagsins. Best fer á því að ákvarðanir séu teknar í mjög góðum samskiptum við sveitarfélagið og í samráði við landeigendur.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps telur nauðsynlegt að þetta frumvarp til laga um náttúruvernd verði endurskoðað. Sveitarstjórn hefur verulegar áhyggjur af því, að ráðherra og eða stofnunum verði að óbreyttu færðar of ríkar heimildir til takmarkana á umferðarrétti jafnt á þjóðlendu sem eignalöndum. Að mati sveitarstjórnar fær ráðherra of ríkar heimildir til setningar reglugerða, sem hafa í för með sér hættu á íþyngjandi ákvæðum fyrir einstaklinga og framkvæmdaraðila, án þess að sérstaklega sé getið um það í lögnum. Verulega er gengið á ákvörðunarvald sveitarfélaga er snýr að skipulagi þar sem öllu jafna hafa málefni náttúruverndar verið getið í aðal- og deiluskipulagi. Allar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásjón þess eru skipulagsskyldar sbr. 1. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar með eru framkvæmdir á náttúruverndarsvæðum og friðlýstum svæðum einnig skipulagsskyldar og háðar byggingar- eða framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar sbr. skipulagslög og lög um mannvirki nr. 160/2010.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á þeim ákvörðunum sem teknar eru í skipulagi til grundvallar leyfisveitingum, þ.m.t. hvornig tekið er tillit til stefnu stjórnvalda um náttúruvernd. Sveitarstjórn ber jafnframt skylda til að hafa eftirlit með framkvæmdum og að þær séu í samræmi við skipulag. Frumvarpið virðist almennt ekki gera ráð fyrir, að á svæðum sem



talið er tilefni til að friðlýsa eða friða, liggi fyrir staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag. Skipulagsstofnun hefur bent á að staðfest aðalskipulag eða samþykkt deiliskipulag, sem birt hefur verið í B-deild Stjórnartíðinda, getur falið í sér ákveðnar heimildir til aðgerða og framkvæmda sem strítt geta gegn áformum um friðlýsingu eða friðun. Því þarf að huga að samspili skipulags annars vegar og friðlýsingar og friðunar hins vegar. Sveitarstjórn Skaftárhrepps leggur mikla áherslu á að sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga sé tryggur.

Ríkar heimildir verða veittar til hvers konar friðunar eða verndunar einstakra vistkerfa og tegunda, eða jafnvel heilla vatnasvæða. Í þessu sambandi er rétt að minna á hugtakið „sjálfbær nýting/þróun“ og fyrir hvaða þrjá þætti það stendur. Þar er um að ræða efnahagslega, samfélagslega og vistfræðilega nýtingu landgæða og náttúruauðlinda sem gagnast geta núlifandi kynslóð án þess að ganga á rétt komandi kynslóða. Hófstillta, skynsama og ábyrga nýtingu hverskyns tækifæra sem landið býður upp á, í sem bestri sátt allra þessara þriggja þátta. Það eitt og sér, er ein af grundvallarforsendum þess að áframhaldandi búseta fái þrífist í dreifbýlum sveitasamfélögum eins og Skaftárhreppi. Sveitarstjórn Skaftárhrepps telur ekki síst nauðsynlegt að leita samráðs og umsagnar þess bærna aðila þegar áformað er að friða, líkt og gert er þegar áformað er að framkvæma.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps leggur til að í frumvarpinu verði betur gerð grein fyrir þeim ríku réttindum sem viðkomandi landeigendur hafa gagnvart umferðar og nýtingarrétti á sínum jarðeignum, ásamt því einnig að skýrt komi fram aldagamall nytjaréttur (búfjárbættarréttur og vatnaveiðiréttur) og þar með einnig umferðarréttur viðkomandi nytjaréttarhafa á afréttum (þjóðlendum), hver á sínu svæði. Þetta þurfa að vera lögfest réttindi af Alþingi, en ekki undanþágur settar með reglugerð, sem ráðherra getur einhliða breytt.

Virðingarfyllt,  
f.h. sveitarstjórnar Skaftárhrepps,

  
Eygló Kristín Adóttir, sveitarstjóri.